



## SJÓMANNAFÉLAG ÓLAFSFJARÐAR

Brekkugötu 9 ■ Sími 62434 ■ 625 Ólafsfirði ■ Fax 62634

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/1475*

*komudagur 16/4 1996*

Ólafsfirði 13/4 1996

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Stjórn Sjómannafélags Ólafsfjarðar kom saman til fundar þriðjudaginn 9. apríl, þar sem tekið var fyrir bréf frá félagsmálanefnd Alþingis frá 27. mars s.l. þar sem leitað var umsagnar félagsins um meðfylgjandi frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

**Svar Sjómannafélags Ólafsfjarðar fylgir hér á eftir.**

Stjórn Sjómannafélags Ólafsfjarðar telur að fyrirliggjandi frumvarp sé áráð á verkalýðshreyfinguna og hinn almenna félagsmann. Flestar hugmyndir í frumvarpinu rýra sjálfstæði, stéttarfélaga og minnka völd einstaklinganna í verkalýðsfélögum, þvert á það sem tillöguhöfundar segjast stefna að. Samkvæmt frumvarpinu fær sáttasemjari völd til að tengja félög og hópa saman í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu, nánast að vild og óháð því hvort viðkomandi eiga í kjaradeilu. Nær ómögulegt yrði að fella miðlunartillögu, þar sem fullur þriðjungur allra á kjörskrá yrði að greiða mótatkvæði. Þetta þýðir að ef mjótt yrði á mununum gæti samningur skoðast samþykktur, þótt meirihluti felldi hann í atkvæðagreiðslu, þar sem yfir 66 % allra taka þátt.

Sjómannafélag Ólafsfjarðar telur ekki ástæðu, til að gefa efnislega umsögn um hverja grein frumvarpsins, en krefst þess að frumvarpið verði nú þegar dregið til baka og aðilum vinnumarkaðar verði gefin kostur á að semja um samskiptareglur sín á milli.

f.h. Sjómannafélags Ólafsfjarðar.

  
Gunnar Reynir Kristinsson.

Samrit send öllum  
þingflokksformönnum  
og miðstjórn ASÍ.